# EFNIÐ OG ANDINN

**Sýning Vilhjálms Bergssonar**

**Vilhjálmur Bergsson sýnir málverk og teikningar undir vöruheitinu LJÓS og VÍDDIR að Kjarvalsstöðum dagana 13.-21. september, en um það bil tvö og hálft ár eru síðan hann sýndi seinast og þá á sama stað, ef ég man rétt.**

Þetta er stór sýning, því myndirnar eru rúmlega sjötíu talsins, þar af 63 olíumálverk, en teikningar eru tíu.

## Einn á ferð.

Vilhjálmur Bergsson er nokkurs konar einfari í íslenskri myndlist. Hann er þó ekki listastefnuhöfundur, þannig séð. Erlendis eru menn til sem aðhyllast svipaða vinnu, þótt þeir séu á annarri leið, frá vissu sjónarmiði a.m.k., og má nefna nöfn ef því er að skipta. En innan þess ramma er Vilhjálmur þó furðu sjálfstæður, og myndir hans skera sig því úr íslenskri myndlist á mjög eindreginn hátt.

Myndefni Vilhjálms Bergssonar er sérstök veröld. Dularfull og óræð í senn. Eru þetta fjarviddarmyndir úr óendanlegum geimnum, ellegar uppstækkaðar örverur, veröld sem ekki sést nema í smásjá, eða hugsanir, eða dulskynjanir? Því er ekki auðvelt að svara. Listamaðurinn hefur þó sagt frá því opinberlega, að hann hafi talsverðan áhuga á þessu sviði.


Önnur sérkenni eru síðan þau, að hann notar aðra málningartegund en hinir málararnir nota, gamlar miðaldauppskriftir, er gjöra litinn „sjálflýsandi", eða hlaða hann birtu, án þess að unnið sé að því að skerpa ljós.

Jón bóndi í Möðrudal komst að ýmsu á Möðrudalsöræfum, meðan hann reisti kirkju og málaði Hólsfjallakrist, sem rennir sér niður brekkuna eftir Fjallræðuna. Hann komst að því, að ekki væri hægt að mála almennilega fyrr en búið væri að finna upp liti er hlaðnir væru ljósi. Fyrr yrðu málverk ekki góð, eða samboðin fyrirmyndinni að teljandi marki.

Ef til vill hefðu uppskriftir þær frá fyrri öldum, er Vilhjálmur Bergsson notar, getað komið þessum fjallabónda, því þeir eru svo sannarlega ljósinu hlaðnir og skera sig frá orkudaufum efnum terpentínumanna, er nota venjulegt efni, þurrkara og tinktúrur.

Það er örðugt að meta þróun í veröld sem maður ekki þekkir að marki. Þess vegna er ekki svo auðvelt fyrir áhorfandann að vita hvernig miðar hjá málara er vinnur jafn skipulega og einhæft, eins og Vilhjálmur Bergsson gjörir, en með orðinu einhæft, er ekki hér átt við hið þrönga svið er hann tileinkar sér. Það er helst að bera saman eldri myndir á sýningunni, myndir frá 1965 og 1966. Þá sér maður að þróun hefur orðið, einkum og sér í lagi á teikningu og myndrænni hugsun.

Auðvelt er að sjá þetta með því að skoða teikningar, því þá sést að í þessum myndum skiptir teikningin ekki minna máli en liturinn og efnin.



Vilhjálmur við eina mynda sinna, Mögnun. (Tímamynd Róbert).

## Efnið og andinn

Einn af sterkustu eðlisþáttum í vinnubrögðum Vilhjálms Bergssonar ef efnisnotkunin. Það er að segja þær ströngu kröfur er hann gerir til þeirra lita og bindiefna er hann notar í olíumálverkin. Þar gætu margir íslenskir myndlistarmenn tekið hann sér til fyrirmyndar. Ekki það að þeir noti endilega hinar sjálflýsandi miðaldauppskriftir, heldur noti meira af bindiefnum í litinn í stað terpentínu. Það er mála sannast að gömul íslensk olíumálverk eru iðulega illa leikin bara af því að hanga á vegg, jafnvel á góðum stað. Smám saman molnar liturinn og springur, því bindiefnin vantar. Málverk eiga að geta enst um aldir — en þá verða réttar efnablöndur að vera í litnum. Annars er voðinn vís. Þá er rétt að vara við nýefnum ýmsum, er sumir eru býsna óragir við að nota í myndir, t.d. alls konar „syntetísk" lökk í þykkum lögum, sem enginn veit hvernig mun vegna í sambúðinni við eilífðina.

Vilhjálmur Bergsson hefur lýst því hér í blaðinu (í viðtali), hvernig hann undirvinnur sínar myndir, eða grunnar léreftin, en það er einnig eitt af grundvallarboðorðum í varðveislu listaverka.

Jónas Guðmundsson.

# NÝJAR BÆKUR FRÁ IÐUNNI

**AB — Nú í ár, sem önnur ár, verður geysimikil útgáfustarfsemi hjá Bókaforlaginu Iðunni. Ekki eru samt öll kurl komin til grafar með það hvaða bækur verða útgefnar.**

Á meðal frumsamdra skáldsagna verða bækur eins og „Ljóstollur", eftir Ólaf Gunnarsson, (höfund „Milljón prósent menn"), „Læknamafían", eftir Auði Haralds, og bók númer tvö um Margeir rannsóknarlögreglumann, eftir Gunnar Gunnarsson, og nefnist hún „Margeir og spaugarinn".

Nýtt bindi í ritverkinu „Aldirnar" er væntanlegt. Það er „Öldin 16. fyrri hluti (1501-1550)," og hefur Jón Helgason tekið hana saman.

Heildarútgáfa á ljóðum Sigfúsar Daðasonar kemur út nú í ár, með myndskreytingum Sverris Haraldssonar. Einnig kemur út 2. bindi í safni endurminninga, valið af Gils Guðmundssyni, er „Mánasilfur" nefnist.

Nýlega er komin út bók eftir Stefán Unnsteinsson er ber titilinn „Stattu þig drengur. Þættir af Sævari Ciesielski".

„Heimkynni við sjó", ný ljóðabók eftir Hannes Pétursson kemur út nú í vetur. Iðunn gefur einnig út „Greinasafn", eftir Ásgeir Hjartarson og hefur Ólafur Jónsson séð um efnisval.

Iðunn mun einnig gefa út nokkrar frumsamdar barnabækur, og er um fjölgun að ræða hjá fyrirtækinu á því sviði. Meðal barnabókanna verður bók eftir Ragnheiði Jónsdóttur, „Dóra í Álfheimum", (endurútgáfa), Ragnheiður Gestsdóttir myndskreytti. Ný bók frá Guðrúnu Helgadóttur um þá kumpána Jón Odd og Jón Bjarna kemur nú út, með myndskreytingu Sigrúnar Eldjárn. Sigrún Eldjárn sendir einnig frá sér bók þar sem hún bæði semur texta og gerir myndir. Bókin heitir „Allt í plati". „Krakkarnir í Krummavík" nefnist barnabók eftir Magneu frá Kleifum. Ný saga eftir Hreiðar Stefánsson sem sem nefnist „Grösin í Glugghúsinu", kemur út nú í ár.

Auk áður nefndra barnabóka kemur út fjöldi þýddra barnabóka, þ.á.m. sex bækur um „Herramenn", eftir Roger Hargreaves, en bækur þessar eru nú mest seldu barnabækurnar á Bretlandseyjum, í Noregi og í Svíþjóð. Þrándur Thoroddsen hefur þýtt þessar bækur.

Ekki verða unglingarnir útundan hjá Iðunni. Sjö þýddar unglingabækur koma út hjá forlaginu í ár, þ.á.m. bók eftir E.W. Hildick, og nefnist hún „Liðið hans Lúlla", en bók þessi fékk H.C. Andersen-verðlaunin.

Á meðal annarra þýddra bóka má nefna „Kvennaklósettið", eftir Marlyn French, í þýðingu Elísabetar Gunnarsdóttur „Rancas-, þorp á heljarþröm", eftir Perúmanninn Manuel Scoraz, í þýðingu Ingibjargar Haraldsdóttur, og þá má geta afar sérstæðrar bókar er nefnist „Grænlensk dagbókarblöð", sem er um daglegt líf grænlensks veiðimanns í máli og myndum. Þetta er dagbók sem Thomas Frederiksen hélt um nokkurra ára skeið og Gyldendal uppgötvaði síðan. Þessi bók er gefin út nú hjá Iðunni um leið og hún kemur út hjá Gyldendal í Kaupmannahöfn og þýðingu annaðist Hjálmar Ólafsson.




**Laus staða**

**Staða skattstjóra Norðurlandsumdæmis vestra er laus til umsóknar.** Umsækjendur þurfa að fullnægja skilyrðum 86. gr. laga nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist fjármálaráðuneytinu fyrir 20. október n.k.

**Fjármálaráðuneytið, 17. september 1980.**



**Laus staða**

**Laus er til umsóknar staða á Skattstofu Suðurlandsumdæmis.**

Umsækjandi þarf að hafa próf í viðskiptafræði eða lögfræði eða haldgóða þekkingu í bókhaldi og reikningsskilum.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist skattstjóra Suðurlandsumdæmis, Hellu fyrir 24. október n.k.

**Fjármálaráðuneytið, 17. sept. 1980.**



J.R.J. Bifreiðasmiðjan hf.

**Varmahlíð,**

**Skagafirði.**

**Sími 95-6119.**



**Yfirbyggingar á Toyota 4x4 picup. Við bjóðum upp á 4 gerðir yfirbygginga á þennan bíl. Hagstætt verð. Yfirbyggingar og réttingar, klæðningar, sprautun, skreytingar, bílagler.**
**Sérhæfð bifreiðasmiðja í þjóðleið.**




BLIKKVER
Skeljabrekka 4 — 200 Kópavogur — Sími: 44040.

BLIKKVER SELFOSSI
Hrísmýri 2A — 802 Selfoss — Sími: 99-2040.

**Deildarverkfræðingur**

**Rafmagnsveita Reykjavíkur vill ráða raforkuverkfræðing til að veita verkfræðideild forstöðu.**

Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar fást hjá starfsmannastjóra, Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu 4 hæð sími 18222.

Umsóknarfrestur er til 30. september 1980.

RAFMAGNSVEITA REYKJAVÍKUR